



Íþróttafólk Þórs 2022

tilnefningar deilda



Íþróttakona Þórs

tilnefningar



Körfuknattleiksdeild

Heiða Hlín Björnsdóttir

Heiða Hlín Björnsdóttir er körfuboltakona Þórs 2022. Heiða Hlín er fyrirliði og spilaði risastórt hlutverk í að koma kvennaliði Þórs aftur af stað á síðasta tímabili eftir tveggja ára hlé. Heiða Hlín er mikilvægur leikmaður, alltaf tilbúin að berjast í hverjum einasta leik, tekur af skarið á mikilvægum augnablikum og gerir það sem þarf til að vinna leiki.

Snemma í febrúar spilaði hún sinn 100. leik fyrir uppeldisfélagið sitt, gegn gömlum félögum sínum í Fjölni. Liðið endaði fyrsta tímabilið eftir pásu í 5. sæti og það mætti segja að meiðsli erlends leikmann hafi komið í veg fyrir möguleika Þórs á að komast í úrslitakeppnina.

Í lok árs 2022 er Þórslíðið í 3. sæti 1. deildar og stefnan er að tefla fram liði í efstu deild á næsta tímabili. Þar er Heiða Hlín burðarás inni á vellinum og hennar vinna utan vallar er sömuleiðis ómetanleg.

Á yfirstandandi tímabili hefur Heiða Hlín skorað 10,8 stig að meðaltali í leik, tekið 4,8 fráköst og átt 1,5 stoðsendingar. Þau sem horfa á hana og Þórslíðið spila vita þó að tölfræðin ein segir ekki allt um getu hennar og mikilvægi fyrir liðið.

Knattspyrnudeild – Þór/KA

Sandra María Jessen

Stjórn Þórs/KA tilnefnir **Söndru Maríu Jessen** í kjöri íþróttakonu Þórs 2022.

Sandra María hefur lagt gríðarlega vinnu í að koma sér í fyrra form eftir barnsburð. Hún er einn af lykilleikmönnum Þórs/KA og setur sér skýr og háleit markmið. Hún stefnir á að koma til baka í A-landslið Íslands og var nú í haust valin í æfingahóp liðsins. Sandra mætir ávallt einbeitt til leiks og gerir allt sitt af fullum krafti.

Hún spilaði alla leiki Þórs/KA í sumar og var markahæst í liðinu með átta mörk í, aðeins þremur mörkum frá markahæsta leikmanni sumarsins í Bestu deild kvenna.





Íþróttakarl Þórs

tilnefningar

Handknattleiksdeild

Aðalsteinn Ernir Bergþórsson

Aðalsteinn Ernir Bergþórsson eða Steini eins og hann er kallaður dags daglega er fyrirliði meistaraflokks karla í handbolta. Það sem einkennir Steina sem handboltamann er gríðarleg eljusemi og baráttuvilji. Hann er fyrirliðinn sem dansar á þessari fínu línu sem þarf að dansa á til að hrífa menn með sér. Steini er algjört ljúfmenni, en grimmur keppnismaður. Það bera allir virðingu fyrir Steina í hópnum og hjá deildinni.

Hann þarf að leggja mikið á sig til að halda sér í standi enda núna tíu ár liðin frá því að hann hryggbrotnaði í vélsleðaslysi og var rúmliggjandi í fjóra mánuði. Steini setur öðrum gott fordæmi með dugnaði og ótrúlegri þrautseigju. Það eru ófá skipti sem hann hefur legið flatur í leik en alltaf staðið upp aftur.

Steini er fjölskyldumaður og það er ekki á færi allra að reka stórt heimili, vinna fulla vinnu og missa varla úr æfingu. Steini er handboltamaður Pórs 2022.

Sigrarnir eru margir, sér í lagi að ná að halda sér nokkuð heilum og alltaf standa upp teinréttur.

Steini vinnur ötullega fyrir deildina jafnhliða því að spila og æfa íþróttina.



Rafíþróttadeild

Andri Þór Bjarnason

Andri Þór Bjarnason er tilnefndur í kjöri á íþróttafólki Þórs sem fulltrúi Rafíþróttadeildar.

Hann er fyrirliði Counter Strike liðs Þórs sem endaði í öðru sæti í Ljósleiðaradeildinni og öðru sæti í Stórmeistaramóttinu og er liðið um þessar mundir í harðri titilbaráttu í Ljósleiðaradeildinni.



Körfuknattleiksdeild

Baldur Örn Jóhannesson

Baldur Örn Jóhannesson er körfuknattleikskarl Þórs og tilnefndur sem fulltrúi deildarinnar í kjöri íþróttafólks Þórs.

Baldur er mikilvægur hlekkur í liðinu, bæði innan sem utan vallar. Öflugur varnarmaður og frákastari. Duglegur að hvetja liðsfélagana áfram og aðstoða yngri leikmenn sem koma inn í starfið.



Knattspyrnudeild

Bjarni Guðjón Brynjólfsson

Knattspyrnudeild Þórs tilnefnir **Bjarna Guðjón Brynjólfsson** sem knattspyrnukarl ársins úr sínum röðum og tilnefnir hann í kjöri til íþróttakarls Þórs.

Þrátt fyrir ungan aldur er Bjarni orðinn einn af lykilmönnum meistaraflokks Þórs í knattspyrnu. Bjarni kemur úr hinu öfluga yngriflokkastarfi Þórs og hefur rækilega stimplað sig inn hjá Þór og yngri landsliðum Íslands.

Bjarni sem er aðeins átján ára spilaði 19 leiki í Lengjudeildinni með Þór á síðasta tímabili og skoraði sex mörk. Þá lék hann sjö leiki með U19 ára landsliði Íslands og skoraði eitt mark.



Hnefaleikadeild

Elmar Freyr Aðalheiðarson

Elmar Freyr Aðalheiðarson er einn besti boxarinn á Íslandi í dag. Hann hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn í þungavigt tvö ár í röð.

Elmar Freyr vann til bronsverðlauna á Tammer í Finnlandi og varð fyrsti Íslendingurinn til að fara á Evrópumeistaramót fullorðinna. Hann er Íslands- og bikarmeistari í þungavigt 2022.

Elmar Freyr er virkilega flottur íþróttamaður sem gefst ekki upp þó að á mótum blási. Það þarf alvöru þor til að standa á mótum stærstu og bestu boxurum Evrópu.

Hann er flott fyrirmynd fyrir alla sem dreymir stórt og vilja láta drauma sína rætast.



Keiludeild

Guðmundur Konráðsson

Guðmundur Konráðsson er keilukarl Þórs og tilnefndur af deildinni í kjöri íþróttafólks Þórs.

Hann hefur iðkað sína íþrótt af miklum áhuga og dugnaði og hvatt aðra liðsfélaga í greininni til dáða. Hann hefur mætt í alla leiki og stundað æfingar eftir því sem hægt er, enda æfingaaðstaðan okkar á Akranesi. Hann hefur t.d. farið og dvalið á Akranesi í sumarleyfinu sínu til að geta æft.

Hann fór ásamt þremur öðrum félögum sínum úr Keiludeild Þórs á heimsmeistaramót 50 ára og eldri sem haldið var í Berlín og kom Guðmundur með silfurpening heim eftir það mót og má nefna að þarna voru um 1.000 keppendur.

Guðmundur vann silfurverðlaun á Heimsmeistaramóti 50 ára og eldri í Berlín í júní 2022.



Píludeild

Óskar Jónasson

Óskar Jónasson hefur átt frábært ár í pílukasti fyrir Píludeild Þórs. Hann vann glæstan sigur í Íslandsmóti 301 (double in/double out) sem haldið var á Bullseye í Reykjavík. Þetta var fyrsta skipti hans á Íslandsmóti og átti hann frábært mót og vann verðskuldaðan sigur. Hann vann einnig meistaramót Píludeildar Þórs í 301. Í lok nóvember var haldið Íslandsmót í 301 í tvímenni. Mótið var haldið fyrir sunnan og hér á Akureyri (tvískipt). Óskar og Steinþór Már unnu tvímenni hér fyrir norðan.

Íslandsmeistari í 301, einmenningi, vann meistaramót Píludeildar Þórs í 301, vann Íslandsmót (tvískipt) í 301, tvímenni. Óskar hefur einnig unnið „minni“ mót sem hafa verið haldin innan Píludeildar Þórs á þessu ári.

Síðasti Íslandsmeistaratitill keppanda frá Píludeild Þórs í einmenningi kom árið 2016, þannig að það má með sanni segja að Óskar sé búinn að gera frábæra hluti á árinu.

Virkilega flottur píluspilari og frábær fyrirmynd. Ef Óskar heldur áfram á þessari braut þá má búast við því að við eigum eftir að sjá hann á ennþá stærra sviði og gera tilkall til þess að komast á úrtaksæfingar fyrir landslið Íslands í pílukasti.

